

## Álfamær

*Lag: Alexander Rybak (Fairytale)*

*Ljóð: Höskuldur Þráinsson*

Þegar ég var ör og ungur  
ég unni mey í næstu sveit.  
Hún var mín og yndið eina  
áður fyrr, en nú ég veit:

Ástin mín, hún var álfamær,  
ungan villti svein.  
Ég gekk í björg, bjó með álfapjóð,  
bak við kaldan stein.

Oft á dag lét orðin bíta  
en um nótt með blíðuhót.  
Enginn gat þá sært mig sárar  
en síðan gat hún lyft mér skýjum mót.

Var það ég sem var hinn seki  
er villtist sól á bak við ský?  
Nú er hún víst farin frá mér  
en finnumst við mun birta upp á ný.

Ástin mín, hún var álfamær ...

Hún er álfamær, já  
ungan villti svein...